



**Hraunvallasaskóli**

vinátta - samvinna - ábyrgð

Hafnarfjörður  
Grunnskólar Hafnarfjarðar  
Skólanámskrá

# Skólanámskrá Hraunvallasaskóla

II. og III. hluti



**2. bekkur**

Skólaárið 2024 - 2025

Skólanámskrá Hraunvallaskóla.

Útgefin 2024.

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Útgáfustaður:** Hafnarfjörður.

**Ábyrgð:** Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (skólastjóri Hraunvallaskóla)

**Útgefandi:** Hraunvallaskóli (Hafnarfjarðarbær)

Drekavöllum 9

221 Hafnarfjörður

netfang: [hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is](mailto:hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is)

veffang: <http://www.hraunvallaskoli.is>



INNGANGUR .....	4
II. Skólastarf 2. bekkjar .....	5
II.1. SAMANTEKT KENNSLU Í 2. BEKK .....	6
II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 2. bekk .....	7
II.3. Kennsluáætlunir og kennslugögn í 2. bekk .....	9
II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf. ....	10
II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi.....	10
a. Leiðsagnarmat.....	10
b. Stöðumat. ....	10
b. Lokamat: .....	10
III. NÁMSSVIÐ OG NÁMSGREINAR .....	11
1. ÍSLENSKA, ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL OG ÍSLENSKT TÁKNMÁL .....	11
A. Íslenska .....	11
1.1. Talað mál, hlustun og áhorf .....	11
1.2. Lestur og bókmenntir .....	12
1.3. Ritun.....	13
1.4. Málfræði .....	15
B. Íslenska sem annað tungumál .....	16
3. LIST- OG VERKGREINAR .....	18
A. hluti - listgreinar: .....	18
3.1. Dans .....	18
3.2. Sjónlistir - myndmennt .....	19
3.3. Tónmennt .....	20
3.4. Leiklist .....	21
B. hluti - verkgreinar: .....	23
3.5. Heimilisfræði.....	23
3.6. Textíll og Hönnun.....	24
4. NÁTTÚRUGREINAR.....	26
5. SAMFÉLAGSGREINAR .....	28
6. SKÓLAÍÞRÓTTIR.....	30
6.1. Íþróttir.....	30
6.2. Sund .....	31
7. STÆRÐFRÆÐI .....	34
7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði .....	34
7.2. Tölur, reikningur og algebra.....	35
7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi.....	36
8. Upplýsinga- og tæknimennt .....	37



## Inngangur

Í lögum nr. 91 um grunnskóla frá 12. júní 2008 stendur að í hverjum skóla skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er lögð fram til samþykktar af skólaráði Hraunvallaskóla og Fræðsluráði Hafnarfjarðar.

Skólanámskrá samanstendur af tíu bekkjarnámskrám í heildstæðum grunnskóla. Þetta plagg er ein bekkjarnámskrá og skiptist í inngang (saga skóla) og þrjá meginhluta auk viðauka. I. hluti kynnir menntastefnu skólans sem hefur að geyma þær helstu atriði sem skólinn leggur áherslu á í framkvæmd skólastarfsins. II. hluti kynnir skipulag og sameiginlega þætti í starfsemi viðkomandi bekkis/árgangs. III. hluti er kynning á námssviðum og námsgreinum sem eru hluti náms og kennslu í viðkomandi bekk. Viðauki er loks með upplýsingar og viðmið um gerð skólanámskrárinnar og kynnir uppbyggingu hennar. Viðaukinn er sameiginlegur fyrir alla grunnskóla bæjarins. Framsetning skólanámskrár er á þann hátt að fyrsti hluti er eitt skjal, annar og þriðji hluti eitt skjal og viðauki er eitt skjal.

Hafa ber í huga að starf í grunnskólum tekur alltaf einhverjum breytingum frá ári til árs og því er nauðsynlegt að endurskoða skólanámskrána á hverju ári svo alltaf megi þar finna nýjustu upplýsingar um skólastarfið. Það skiptir einnig miklu máli að allir þeir sem koma að starfinu í skólanum, nemendur, foreldrar og starfsmenn kynni sér vel inntak hennar og séu því vel kunnugir. Allar ábendingar um það sem betur má fara í starfi skólans eru vel þegnar. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Grunnskólar Hafnarfjarðar  
Skólanámskrá



## II. Skólastarf 2. bekkjar

Í öðrum bekk er 46 nemendur í 2. Hekla. Hópurinn hefur þrjá umsjónarkennara. Stundaskráin er samsett af vinnu á heimasvæði, íþróttum, sundi og smiðjum þ.e. myndmennt, tónmennt, dansi, heimilisfræði, textíl og hönnun og leiklist. Viðhafðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir til að mæta þörfum nemenda og er ýmist unnið einstaklingslega, í paravinnu, í hópum, í gegnum leiki, umræður, ritun o.s.frv.

Heimakrókar eru 3 og þar fara kennarar yfir dagsskipulagið, sem sýnilegt er á myndrænni töflu fyrir nemendur, ræða við nemendur um það sem er á döfinni, leitast við að leysa mál sem upp hafa komið, leggja inn námsefni o.s.frv. Mikið er lagt upp úr góðu foreldrasamstarfi. Foreldrar fá sendar upplýsingar vikulega um starfið og grófa áætlun fyrir komandi viku í gegn um Mentor. Einnig setja kennarar reglulega inn myndir af auglýstum atburðum og upplýsingar um bekkjarstarfið á facebooksíðu árgangsins, Hraunvallaskóli 2017.

Mikil áhersla er lögð á daglegan heimalestur og orðaskrift.

Umsjónarkennarar hópsins eru: Ivanka Sljivic, María Björk Ásgeirsdóttir og Unnur Gígja Ingimundardóttir.



## II.1. Samantekt kennslu í 2. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

Námssvið	Námsgreinar	Tímafjöldi í skóla á viku
<b>1. Íslenska</b>	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	1 5 2 1
<b>2. Erlend tungumál</b>		0
<b>3. List- og verkgreinar</b>	<p style="text-align: center;"><i>A Listgreinar:</i></p> 3.1. Sviðslistir (dans) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt <p style="text-align: center;"><i>B Verkgreinar:</i></p> 3.4. Heimilisfræði 3.5. Textill og Hönnun	1 1 1 1 2
<b>4. Náttúrugreinar</b>	4.0. Náttúrufræði	2,5
<b>5. Skólaíþróttir</b>	5.1. Íþróttir 5.2. Sund	2 1
<b>6. Samfélagsgreinar</b>	6.1. Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði 6.2. Jafnrétti og lífsleikni 6.3. Landfræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði	1 1 1,5
<b>7. Stærðfræði</b>	7.0. Stærðfræði	5
<b>8. Upplýsinga- og tæknimennt</b>	8.1. Miðlamennt og skólasafnsfræði 8.2. Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni	0,5 0,5
<b>9. Val</b>	9.1.	0
<b>Alls</b>		30



## II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 2. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Grunnþáttur menntunar	Áhersluatriði
<b>HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:</b>	<p>Það er unnið með <i>heilbrigði og velferð</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemendur temji sér að koma með hollt og gott nesti í skólann.</li> <li>• Að nemendur fræðist um mikilvægi þess að temja sér hollt mataræði.</li> <li>• Að nemendur fái tækifæri til að hreyfa sig reglulega</li> <li>• Að nemendur fræðist um heilbrigði</li> <li>• Að nemendur fái að tjá sig um líðan sína</li> <li>• Að nemendur temji sér hreinlæti.</li> </ul>
<b>JAFNRÉTTI:</b>	<p>Það er unnið með <i>jafnrétti</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemendur fái jöfn tækifæri til náms.</li> <li>• Að komið sé til móts við mismunandi þarfir nemenda.</li> <li>• Að nemendur fá námsefni sem er sniðið að þeirra þörfum.</li> <li>• Að notaðar séu fjölbreytilegar aðferðir við kennslu til að mæta þörfum sem flestra nemenda.</li> <li>• Að nemendur læri að bera virðingu fyrir fjölbreytileika í menningu og siðum.</li> <li>• Að nemendur læri að virða mismunandi trúarskoðanir.</li> </ul>
<b>LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI :</b>	<p>Það er unnið með <i>lýðræði og mannréttindi</i> í árganginum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemendur temji sér að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.</li> <li>• Að nemendur temji sér virðingu og umburðarlyndi gagnvart öðrum.</li> <li>• Að nemendur fái tækifæri til að tjá sig og sínar skoðanir fyrir framan aðra.</li> <li>• Að nemendur hafi jafnan rétt innan hópsins</li> <li>• Að nemendur séu jafnir óháð kyni, þjóðerni eða trú</li> </ul>



Grunnpáttur menntunar	Áhersluatriði
<b>LÆSI:</b>	<p>Það er unnið með <i>læsi</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemendur læri lestur með fjölbreytilegum aðferðum Byrjendalæsis þar sem unnið er út frá gæðabókmenntum</li> <li>• Að nemendur fái lestrarþjálfun daglega með heimalestri, þar sem litið er á lestrarnámið sem samvinnu milli heimila og skóla.</li> <li>• Að nemendur fái lesefni við hæfi.</li> <li>• Að nemendur efli orðaforða, skilning og ritun út frá gæðatextum.</li> <li>• Að nemendur læri að vinna saman á fjölbreyttan hátt.</li> <li>• Að nemendur fái þjálfun í að lesa í umhverfi sitt og bera virðingu fyrir því.</li> <li>• Að nemendur læri skólareglurnar með aðferðum SMT.</li> </ul>
<b>SJÁLFBÆRNI:</b>	<p>Það er unnið með <i>sjálfbærni</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemendur efli umhverfisvitund sína.</li> <li>• Að nemendur læri um umhverfisvernd og mikilvægi þess að flokka og endurnýta</li> <li>• Að nemendur temji sér góðan frágang og umgengni innan sem utan skóla.</li> <li>• Að nemendur læri að taka sameiginlega ábyrgð á umhverfi sínu.</li> </ul>
<b>SKÖPUN:</b>	<p>Það er unnið með <i>sköpun</i> í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemendur fái tækifæri til skapandi vinnu í skólalastarfinu</li> <li>• Að nemendur öðlist færni í að virkja sinn eigin sköpunarkraft.</li> <li>• Að nemendur hafi skoðun á því sem þau eru að gera hverju sinni og taki sjálfstæðar ákvarðanir.</li> </ul>





### II.3. Kennsluáættæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 2. bekk

#### i. Kennsluáættæður

Nemendur í 2. bekk eru 46 með þrjá kennara og er hópnum skipt upp í mismunandi námshópa eftir viðfangsefnum. Umsjónarkennarar kenna öllum nemendum einhvern tímann og kynnast þannig öllum nemendum í árganginum. Heimasvæðið skiptist í mismunandi vinnusvæði og allir nemendur eiga líka sitt heimaborð. Skóla- og frístundaliði, stuðningsfulltrúi, þroskaþjálfari og sérkennari vinna einnig með nemendum á svæðinu.

#### ii. Kennsluáætlanir

Unnið er samkvæmt aðferðum byrjendalæsis sem þýðir að námsefnið er samþætt með íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði, upplýsinga- og tæknimennt. Byrjendalæsi fellur vel að einstaklingsmiðuðu námi. Gert er ráð fyrir að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið. Allir fá sama grunn en einstaklingsþörfum er mætt innan nemendahópsins. Unnið er með hvert efni bók/texta/þema í ákveðinn tíma og verkefni unnin út frá því. Vinnubrögð eru fjölbreytt og kalla á mikla samvinnu nemenda. Þjálfun nemenda fer að einhverju leyti fram í gegnum leik af ýmsu tagi, meðal annars í gegnum spil.

#### iii. Náms- og kennslugögn

<p><b>Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Greppikló</li> <li>• Komdu og skoðaðu land og þjóð /Hafnarfjörður</li> <li>• Skordýr</li> <li>• Tröllastrákurinn læknar hrekkjusvín</li> <li>• Þegar litirnir fengu nóg</li> <li>• Englajól</li> <li>• Álfareiðin</li> <li>• Ástarsaga úr fjöllum</li> <li>• Komdu og skoðaðu fjöllin / eldfjöllin</li> <li>• Risaeðlutíminn</li> <li>• Blómin á þakinu</li> <li>• Aðrar bækur og ljóð</li> <li>• Aðgangur að tölvum og hugbúnaði í skóla eftir þörfum.</li> <li>• Skrift frá Námsgagnastofnun</li> <li>• Ýmis spil og önnur gögn í tengslum við byrjendalæsi</li> </ul>
<p><b>Ritföng nemenda og persónuleg hjálpargögn sem nemendur þurfa að hafaleiga á hverjum tíma:</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólataska</li> <li>• Íþróttaföt</li> <li>• Sundföt( sundskýla eða sundbolur)</li> <li>• Nestisbox og vatnsbrúsi</li> <li>• Ritföng</li> </ul>



## II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Lögð er áhersla á gott samstarf milli heimilis og skóla. Vikupóstar eru settir inn á Mentor einu sinni í viku sem innihalda helstu upplýsingar um skólastarfið. Einnig eru ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um það sem er á döfinni ásamt öðrum skilaboðum til foreldra eða forráðamanna. Kennarar setja einnig reglulega inn myndir og upplýsingar um skólastarfið á facebooksíðu árgangsins Hraunvallaskóli 2017. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við kennara í gegnum tölvupóst eða símleiðis. Öllum fyrirspurnum verður svarað eins fljótt og auðið er.

## II.5. Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í bekknum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

### a. Leiðsagnarmat.

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendum til að ná árangri.

### b. Stöðumat.

Stöðumat fer fram 2 sinnum á skólaárinu með viðtali nemanda og foreldra með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim til að ná frekari árangri í náminu. Mat birtist í hæfnikorti nemanda í Mentor þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð þeim viðmiðum sem stefnt er að.

### b. Lokamat:

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á náminu sínu yfir skólaárið. Meginmarkmið þess er að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína eftir nám vetrarins. Mat birtist í hæfnikorti nemanda í Mentor þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð þeim viðmiðum sem stefnt er að. Einnig fær nemandi afhent vitnisburðarblað þar sem fram kemur hvort nemandi hefur náð viðmiðum eða þarfnast þjálfunar.



### III. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er á að fari fram á skólaárinu í árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólstarfsins í átta skilgreind námssvið en hverju námssviði tilheyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólstarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá nemendur sérstakt námsefni sem hæfir þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námsskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

## I. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

### A. Íslenska

#### 1.1. Talað mál, hlustun og áhorf

Tímafjöldi: I tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

##### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega (L).
- Endursagt það sem hann hefur lesið eða heyrt (L).
- Gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær (P/L).
- Verið fær um að taka virkan þátt í samræðum og rökræðum og fylgja viðeigandi reglum (P/L).
- Notið bókmennta- og afþreyingaefni, upplestrar, leiksýninga og söngs (P/V).
- Hlustað á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og flutt eru á annan hátt, t.d. af hljóð- eða myndbandi (P/V).
- Hlustað á umræður bekkjarfélaga sinna (L/V).
- Hlustað á fyrirmæli kennara og farið eftir þeim (L/V).
- Flutt og sungið algeng íslensk ljóð (P/L)

##### Upplýsingatækni

- Kynnst upplýsingatækni og forritun (P/L)
- Kynnst hugtökunum upplýsinga- og miðlalæsi (P)
- Notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt (P/L)
- Kynnst grunnreglum í netnotkun (P)

##### ii. Viðfangsefni í náminu



Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Að nemandi geti hlustað á upplestur og umræður bekkjarfélaga og kennara
- Að nemandi geti tekið virkan þátt í umræðum, gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær

### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Gæðabókmenntir og námsefni sem útbúið er út frá bókunum
- Myndefni í tengslum við viðfangsefni hverju sinni.
- Ýmsir barnasöngvar og þulur.

### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Unnið er með eina bók eða texta í að minnsta kosti tvær vikur. Nemendur hlusta þrisvar sinnum á lestur bókarinnar yfir vikuna og er rýnt í textann eftir mismunandi áherslum hverju sinni.
- Nemendur eru hvattir til þess að taka þátt í umræðum um textann og endursegja hann.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Einstaklingsmiðað nám, námsefni er aðlagð eftir getu nemenda.
- Sérkennari vinnur með ákveðnum nemendum inni á heimasvæði.

### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi :

Stuðst er við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

## 1.2. Lestur og bókmenntir

Tímafjöldi: 5 tímar (5 x 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Tengt saman hljóð í stuttu orði (2-4 hljóð) (P/L).
- Lesið einföld orð (P/L) .
- Lesið einfaldar setningar (P/L).
- Lesið einfaldan texta (P/L).
- Þekkt alla há- og lágstafi (P).
- Þekkt hugtökin söguþráður, sögupersónur, titill, höfundur og boðskapur (P).
- Lesið sér til gagns og gamans, hátt og í hljóði (P/V).
- Valið sér bækur eftir lestrarhæfni og áhugasviði (P/V)
- Leyst sjálfstætt lesskilningverkefni úr viðeigandi efni (P)
- Skilið og unnið með einföld skráð fyrirmæli (P)
- Náð viðmiði 2. bekkjar um leshraða (P/L).



### Upplýsingatækni

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns og ánægju, s.s. til lesturs og hlustunar (P/L)
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni (L)
- Kynnst heimildum (P).

### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Aukinn lesskilningur, orðaforði, málskilningur og leshraði.
- Að nemandi geti lesið sér til gagns og gamans og valið bækur út frá áhugasviði.

### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Unnið er með fjölbreytt verkefni út frá gæðabókmenntum sem stuðla að auknum orðaforða, lesskilningi og málskilningi.
- Unnið er með verkefni sem örva nemendur til lesturs og ritunar.
- Líttlestrarbækur og yndislestrarbækur

### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Unnið er eftir áherslum byrjendalæsis þar sem stuðst er við eindar- og heildaraðferð lesturs.
- Áhersla er lögð á samþættingu náms, þ.e. lesturs, ritunar, hlustunar og tals. Unnið er jöfnum höndum með samband stafs og hljóðs, öryggi, hraða og lesskilning. Því er unnið með hljóðvitund, réttitun, skrift, orðaforða, setningabyggingu og málfræði samþætt en ekki í aðskildum verkefnum.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Einstaklingsmiðað nám, námsefni er aðlagð eftir getu nemenda.
- Sérkennari vinnur með ákveðnum nemendum inni á heimasvæði.
- 

### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi: Hraðlestrarprófið Lesferill er lagt fyrir í september, janúar og maí. Að öðru leiti er stuðst við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.

## 1.3. Ritun

Tímajöldi: 2 tímar (2 x 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Dregið rétt til stafs (L).



- Gert greinarmun á há- og lágstöfum (P).
- Skrifað skýrt og læsilega (L).
- Þekkt reglur um stóran og lítinn staf (P)
- Verið fær um að endursegja og skrifa eftir frásögn og upplestri (P/L)
- Skráð einfalt hugtakakort (P/L)
- Þekkt grunnþætti í byggingu texta; upphaf, miðja og endir (P).
- Lesið og skrifað margvíslega texta, svo sem frásagnir, sögur og ljóð (P/L)
- Nýtt sér hugtakakort við ritun (P)
- Haft bil á milli orða (P/L).
- Skrifað rétt á línu (L).
- Ritað einfalda frásögn út frá mynd (P/L).
- Skráð sjálf(ur) eða með aðstoð frásagnir úr eigin lífi (P/L).

#### Upplýsingatækni

- Lært grunnatriði á lyklaborði
- Kynnst hugbúnaði/forritum fyrir einföld ritunarverkefni og töluleg gögn (P/L)
- Notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu (P/L)

#### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Að geta skrifað skýrt og læsilega.
- Að geta endursagt og skrifað eftir frásögn og upplestri.
- Að geta þekkt uppbyggingu texta: upphaf, miðju og endi.

#### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Ýmis verkefni sem tengjast þeim þemum sem unnið er með hverju sinni.
- Skrifarbækur.
- Sögubók
- Verkefna og úrklippubækur
- Stílabók

#### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Sýnikennsla kennara varðandi skriftarátt og uppbyggingu texta, skriftarþjálfun.
- Sóknarskrift.
- Frjáls sögugerð.
- Skrifa upp eftir texta.
- Útbúa veggspjöld, myndir og texta.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Verkefni taka mið af færni nemenda og eru aðlöguð að þeirra getu.
- Sérkennari vinnur með ákveðnum nemendum inni á heimasvæði.



**v. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi. Stuðst er við símat þar sem sögubýgging, upphaf, miðja, endir er metið út frá verkefnum og vinnu nemenda í kennslustundum.

**1.4. Málfræði**

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

**i. Hæfniviðmið**

Við lok árgangs geti nemandi:

- Raðað orðum í stafrófsröð (P).
- Þekkt helstu einingar tungumálsins; bókstafi, orð og setning (P).
- Þekkt mun á sérhljóðum og samhljóðum (P).
- Rímað (P/L).
- Byrjar setningu á stórum staf (P).
- Notar lágstafi inni í orði (P).
- Gerir punkt á eftir setningu (P).
- Þekkir einföld greinarmerki: (punktur, komma, upphrópunarmerki, spurningarmerki, tvípunktur) (P)
- Þekkir samsett orð (P).
- Þekkir samheiti (P).
- Þekkir andheiti (P).
- Þekkir stafrófsvísuna (P).
- Raðað orðum rétt í setningar (P)

**ii. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Stafrófsröð
- Hugtök: sérhljóðar, samhljóðar, samheiti, andheiti og samsett orð

**iii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Litla lesrún
- Málfræðiverkefni út frá bókum úr Byrjendalæsi.

**iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Ýmis konar verkefnavinna
- Orðavinna í gegnum ýmis námsspil
- Sérkennari vinnur með ákveðnum nemendum inni á heimasvæði

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Miðað er við að koma til móts við nemendur á þeirra forsendum



#### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst er við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum. Gerð er athugun á þekkingu nemenda.

## B. Íslenska sem annað tungumál

Námsgreinin íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem eiga ekki íslensku sem móðurmál og hafa engin eða lítil tæk á íslensku máli. Nemendahópurinn sem lærir íslensku sem annað tungumál er fjölbreyttur og námsþarfir hans að sama skapi mismunandi. Nemendur vinna að hæfniviðmiðum samkvæmt „íslensku sem annað tungumál“. Hæfnirammarnir þar skiptast í fjögur stig (forstig, 1. Stig, 2. stig og 3. Stig) og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli. Hæfnirammarnir miða ekki við aldur nemandans heldur hæfni og stöðu hans í máltileinkuninni. Kennsluhættir og námsmat skulu vera fjölbreytt og taka mið af öllum hæfnisviðum þ.e. skilningi (hlustun og lestri) og tjáningu (talmáli og ritun). Þegar nemandi hefur náð færni á öllum stigum er gert ráð fyrir að hann geti, með stuðningi, unnið eftir sömu námsáætlun og nemendur með íslensku sem móðurmál.

[https://mms.is/sites/mms.is/files/haefnisvid\\_og\\_haefnirammarnir\\_i\\_isat.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/haefnisvid_og_haefnirammarnir_i_isat.pdf)

#### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Námsbækur: Íslenska nýja málið mitt 1 og 2, Kæra Dagbók 1, 2 og 3, Hitt og þetta (lestrar- og vinnubók), Íslenska fyrir alla 1 og 2, Íslenska vísar veginn, Tölum saman, Orðagull, Markviss málörvun, Leggðu við hlustir.
- Spil: Sagnorðaspilið, Fallorðaspilið, Orðasjóður (flettspjöl og útprentanlegt efni af vef), Íslenski máhljóðakassinn.
- Smáforrit og vefir: Vefir af heimasíðu Menntamálastofnunar (mms.is), smáforrit af App Store.
- Annað: Verkefni frá kennara, Orðaforðalisti MMS.

#### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- einstaklingskennsla
- kennsla í litlum hópum
- á heimasvæði árgangs

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- vinnubækur við hæfi hvers og eins
- spil og leikir
- umræður
- lestur bóka sem hæfa hverjum og einum





**v. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- símat
- leiðsagnarmat
- stöðumat
- próf



### 3. List- og verkgreinar

#### A. hluti - listgreinar:

##### 3.1. Dans

Tímafjöldi: kennt í smiðju 4x á vetri. (40 mín. kennslustund 3x í viku ca 45 skipti).

Í danstímum er megináhersla lögð á að kenna grunnspar í samkvæmisdansi, gömlu dansana, línudansa, nýja vinsæla dansa ásamt söngleikjadansi. Með danskennslunni í Hraunvallaskóla er unnið markvisst að því að efla sjálfstraust, samvinnu, snertingu nemanda ásamt því að samræma hreyfingar þeirra í takt við tónlist. Gerð er krafa um almenna kurteisi og virðingu.

##### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Hreyft sig frjálst og í takt við tónlist (L).
- Þekkt hægri, vinstri og hvernig á að beita hæl og ták (Þ).
- Dansað grunnspar í þremur samkvæmisdönsum (Þ/L).
- Dansað tvo einfalda þjóðdansa /Þ/L).
- Dansað léttu tísku/línudansa (Þ/L).
- Boðið upp í dans og dansað í danshaldi (L).
- Virt samskiptareglur (Þ/V).

##### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Cha cha cha á staðnum
- Klappenade m/chasse snú
- Chasse m/snúning
- Partý polki m/chasse
- Samba+wisk
- jive
- Jóladans
- Þjóða upp í dans
- Ýmsir leik-tjáningardansar, tísku- og línudansa í vali hvers kennara.
- Söngleikjadans í vali hvers kennara.

##### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Tónlist, veraldarvefurinn og ýmsar bækur tengdar danslistinni.

##### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Í kennslustofu án húsgagna þar sem eingöngu eru hljómflutningstæki, borð, tölva og myndvarpi.
- Sýnikennsla



- Sköpun
- Paravinna
- Einstaklingsvinna
- Hópavinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- 
- Allir nemendur sem hafa getu til, stunda námið.
- Í einstaka tilfellum eru nemendur með stuðning með sér.
- Önnur námsúrræði eru fyrir þá sem t.d. þola illa hávaða og eiga af einhverjum öðrum
- orsökum erfitt með að stunda námið.

#### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru: Leiðsagnarmat, símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda.

Metið er hvort nemendur kunni þá dansa sem kenndir eru á skólaárinu, að auki er virkni, leikni, samvinna, kurteisi og framkoma.

### 3.2. Sjónlistir - myndmennt

Tímafjöldi: kennt í smiðju. ( kennt eftir áramót 3x í viku samtals 6 kennslustundir u.þ.b. 6 vikur í senn).

#### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Málað sex lita hring og gert litablöndur (P/L).
- Unnið myndverk með áherslu á eigið umhverfi og notað sjálfstæða myndræna frásögn (L).
- Útskýrt myndverk sín fyrir öðrum (L).
- Unnið myndverk með mismunandi áferð (P/L).
- Beitt línuteikningu á mismunandi hátt (P/L).

#### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Skissubók
- Mappa undir gögnin
- Bók um áferð
- Litablöndun- sex lita hringur
- Myndverk með áherslu á eigið umhverfi
- Teikna eftir fyrirmynd
- Teiknimyndasaga
- Teiknað með punktum( Stipple)
- Sjálfsmynd



**iii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Vatnslitir
- Vaxlitir
- Trélitir
- Blýantar
- Strokleður
- Skæri
- Lím
- Pappír
- klessulitir

**iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlagnir
- Einstaklingsvinna
- Samvinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Hver og einn vinnur á eigin forsendum
- Hver og einn skapar sitt eigið verkefni

**v. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Verkefni og verkþættir eru metnir út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni og vinnubrögðum.

### 3.3. Tónmennt

Tímafjöldi: kennt í smiðju 2x fyrir áramót. (40 mín. kennslustund 3x í viku u.þ.b. 45 skipti).

**i. Hæfniviðmið**

Við lok árgangs geti nemandi:

- Hlustað á mismunandi tónlist (P/L).
- Rætt um mismunandi tónlist út frá smekk og upplifun (P/L/V).
- Sungið nokkur íslensk sönglög í samsöng (L).
- Hreyft sig óhindrað og frjálst með tónlist (L).
- Hlustað á tónlist og túlkað með myndverki (P/L).
- Leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkhljóðfæri og önnur skólahljóðfæri (P/L).

**ii. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Hlustun, söngur og upplifun á tónlist



- Umræður um tónlist
- Dans og hreyfingar með tónlist
- Sköpun og myndræn vinna
- Skólahljóðfæri, taktur og rytmi

### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Sílafónar og sleglar
- Trommur
- Hristur og önnur minni slagverkshljóðfæri
- Mismunandi tónlist
- Syngjandi skóli rafbók
- Syngjandi skóli hlustunarbók
- Tónlist og umhverfi (Námsefni fyrir yngsta stig grunnskóla - NEMENDABÓK)

### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Verkleg kennsla og æfingar.
- Sýnikennsla, lítil atriði kennd í einu, nemendur æfa sig að gera eins.
- Samvinna og samspil
- Innlögn
- Bókleg verkefni

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Að nemendur geti tekið þátt á eigin forsendum og átti sig á að það er allt í lagi að gera mistök.
- Vinnum með hugmyndir nemenda.

### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni og vinnubrögðum.

## 3.4. Leiklist

Tímafjöldi: kennt í smiðju. (3x í viku samtals 6 kennslustundir u.þ.b. 6 vikur í senn).

### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Tekið þátt í skapandi leiklistarferli með jafningjum undir leiðsögn kennara (P/L).
- Tekið tillit til jafningja í samstarfi (L/V).
- Hlustað á hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin (L/V).
- Notað líkama sinn og rödd sem tæki til tjáningar (P/L).



- Notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína (Þ/L).
- Unnið með ímyndunaraflið og sköpunargleðina (L/V).
- Verið virkur þátttakandi í æfingum og verkefnum og sýnt hugrekki til að reyna nýja hluti (Þ/L/V).

## ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Farið er í margskonar æfingar og leiki sem þjálfa einbeitingu, líkamsvitund, samskipti, framkomu, rödd, rýmisskynjun, samvinnu og tillitssemi við aðra.
- Unnið er með leikræn verkefni þar sem nemendur setja sig í spor annarra og þurfa að takast á við ímyndaðar aðstæður.
- Aðferðir og vinnubrögð í námsgreininni eru eftirfarandi:
  - Látbragð
  - Kyrrmyndir
  - Paravinna
  - Leikspuni
  - Túlkun á texta
  - Frásögn
  - Hópefli - leikir

## iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Leiklist í kennslu – vefefni
- Leikmunir
- Búningar
- Spil
- Tónlist
- Ipad – book creator

## iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- Samvinna
- Innlögn
- Sköpun

## v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni og vinnubrögðum.



## B. hluti - verkgreinar:

### 3.5. Heimilisfræði

Tímafjöldi: kennt í smiðju. (3x í viku samtals 6 kennslustundir u.þ.b. 6 vikur í senn).

#### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Farið eftir einföldum uppskriftum með aðstoð kennara (L).
- Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif (P/L).
- Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti (P)
- Notað einföld mælitæki og eldhúshöld (P).
- Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti og samvinna (V).
- Öðlast þekkingu á fæðuhringnum (P).
- Farið eftir reglum skólans um flokkun á sorpi (P).

#### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Hreinlæti
- Mælingar
- Hollusta
- Bakstur
- Áhaldakynning
- Verklek vinna
- Bókleg vinna
- Flokkun á sorpi

#### ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Heimilisfræði 2 - kennslubók
- Eldhúshöld
- Grænmeti og ávextir
- Bökunarvörur (hveiti, sykur, kakó, lyftiduft, kókosmjöl, smjör, egg ofl.)
- Brauð

#### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- Innlögn
- Verklek kennsla og æfingar
- Bókleg verkefni
- Samvinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur læra sjálfstæð vinnubrögð



- Hver og einn vinnur á eigin forsendum

#### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni, áhuga, umgengni, og vinnubrögðum.

### 3.6. Textíll og Hönnun

Tímafjöldi: kennt í smíðju. ( 3x í viku samtals 6 kennslustundir u.þ.b. 6 vikur í senn fyrir og eftir áramót). Samþætt smíðja yfir allt árið þar sem bæði er unnið með hæfniviðmið út frá Textílmennt og Hönnun og smíði.

#### vi. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Saumað saman tvö stykki með þræðispori eða rimpspori.
- Saumað einföld útsaumsspor
- Haft vald á fingrprjóni
- Tjáð sig um litaval og lögun í verkefnavinnu sinni
- Náð valdi á krosssaumi
- Tamið sér viðeigandi umgengni um efni og áhöld
- Lært aðferð við að þæfa ull
- Tjáð sig og hugmyndir með teikningu
- Náð valdi á einföldum vefnaði
- Sýnt skapandi og sjálfstæða hugsun í verkefnavinnu
- Þekkt ferli frá hugmynd að afurð
- Þekkt einföld hugtök sem tengjast greininni
- Unnið eftir leiðsögn kennara
- Fundið og unnið með efnivið úr umhverfi sínu
- Sýnt samstarfsvilja og tillitsemi við samnemendur

#### vii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Fingrprjón og sauma saman tvö efni – Dreki
- Blautþæfa kúlur og þæfa utan um greinar
- Nota endurunnið efni - puttaprjón úr sokkum
- Sokkabruða (á hendi eða hesthöfuð á spítu)
- Bókamerki (útsaumur og krosssaumur)
- Vefnaður úr afgangum (listaverk)





**viii. námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Efni til útsaums
- Útsaumsgarn
- Filtefni
- Garn fyrir fingrarpjón
- Nálar
- Skæri
- Sokkar og aðrir afgangar
- Ull
- Sápuvatn til þæfingar
- Greinar og spítur
- Annað sem nemendum dettur í hug við skreytingu og eigin sköpun

**ix. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- Innlagnir
- Einstaklingsvinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Hver og einn vinnur á eigin forsendum og hraða
- Hver og einn skapar sitt eigið verkefni
- Tilraunir og mistök velkomin

**x. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni, áhuga, umgengni, og vinnubrögðum.



## 4. Náttúrugreinar

Tímafjöldi: Kennslan er samþætt kennslu í íslensku og byrjendalæsi. Miðað er við að jafnaði 2,5 kennslustundir á viku heilt yfir skólaárið.

### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru
- Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.. ,
- Rætt hvernig uppfinningar geta gert líf fólks auðveldara.,
- Bent á störf sem krefjast sérþekkingar,
- Tekið þátt í umræðum um hvernig tækni nýtist í daglegu lífi. ,
- Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum.
- Útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt.
- Gert grein fyrir hvað veldur jarðskjálftum og eldgosi.
- Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi. ,
- UV - Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.,
- UV - fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð.
- Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.
- Skráð atburði og athuganir t.d. með teikningum eða eigin orðum
- UV - Notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar, til að lýsa heimabyggð.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra
- Tekið þátt í vali á náttúrufræðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.,
- Í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum
- Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.
- Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks.
- Sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.
- Sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum
- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.
- Komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu
- UV - Útskýrt einkenni lífandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi.
- UV - Gert kannanir og lýst lífverum í nánasta umhverfi sínu.
- UV - Fjallað um samspil manns og náttúru.
- Lýst landnotkun í heimabyggð.
- Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns.
- UV - Flokkað úrgang.

### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Land og þjóð; Ísland/Hafnarfjörður bærinn minn
- Risaeðlur
- Skordýr
- Fjöll, eldfjöll
- Veðurathuganir
- Forvarnarfræðsla frá skólahjúkrunarfræðingi um kynferðislegt ofbeldi



- Kynning um tilfinningar og viðbrögð við þeim.

### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Komdu og skoðaðu land og þjóð/Hafnarfjörður bærinn minn
- Riðsaeðlutíminn (byrjendalæsi)
- Komdu og skoðaðu eldfjöll/
- Ástarsaga úr fjöllum
- Skýjað með kjötbollum á köflum
- Blómin á þakinu
- Fuglar (fuglavefurinn.is)
- Skordýr (köngulær, ánamaðkar, fiðrildi, hunangsfluga)

### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennsluaðferðir byrjendalæsis
- Beinar innlagnir; spurnaraðferð, umræður, hugarflug með leiðsögn
- Sýnikennsla
- Tilraunir
- Sköpun; myndræn tjáning
- Vettvangsferðir
- Söng og leikræn tjáning
- Námsleikir og námsspil
- Paravinna og hópvinna
- Prautalausnir

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Einstaklingsvinna
- Samvinna

### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi: Stuðst er við símat þar sem viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum með fjölbreyttum leiðum.



## 5. Samfélagsgreinar

Tímafjöldi: Kennslan er samþætt kennslu í íslensku og byrjendalæsi. Miðað er við að jafnaði 3,5 kennslustundir á viku heilt yfir skólaárið.

### i Hæfniviðmið

#### **Þekking:**

Við lok árgangs geti nemandi:

- Gert sér grein fyrir að Ísland er eyja og hluti af Evrópu (Þ)
- Þekkt helstu einkenni og sögu Hafnarfjarðar (Þ)
- Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi (Þ)
- Tekið þátt í umræðum um hvernig náttúrufar getur breyst vegna ytri áhrifa (Þ)
- Gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar umgengni og hugað vel að náttúrunni (Þ/V)
- Sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum sem tengjast nærumhverfinu (Þ)
- Sagt frá breytingu á umhverfi og skipulagi samfélags (Þ)
- Þekkt valda þætti og tímabil í sögu Hafnarfjarðar (Þ)
- Þekkt dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélaginu (Þ)
- Þekkt nokkrar mikilvægar stofnanir í samfélaginu (Þ)
- Áttað sig á gildi samhjalpar í samfélaginu. (Þ/V)

#### **Lífsleikni:**

Við lok árgangs geti nemandi:

- Gert sér grein fyrir mikilvægi þess að vera jákvæður í leik og starfi (V)
- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum (Þ/V)
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði (Þ/V)
- Gert sér grein fyrir að allir hafa sama rétt (V)
- Sett sig í spor annarra jafnaldra (L)
- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi (L)
- Sýnt tillitssemi, virðingu og ábyrgð í samskiptum og samvinnu við aðra (V/L)
- Gert sér grein fyrir að athafnir hafa afleiðingar (V)
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti (L)
- Farið eftir skráðum og óskráðum reglum og nefnt dæmi um þær (V/L)

#### **Umferðarfræðsla:**

Við lok árgangs geti nemandi:

- Þekkt helstu gönguleiðir í nærumhverfi sínu (Þ)
- Kynnst gönguleiðum í kringum skólann og notkun gönguljósa (Þ)
- Þekkt helstu umferðarreglur gangandi vegfarenda (Þ)

### H6

Nemendur fá eftirfarandi fræðslu í gegn um heilsuvernd skólabarna:

- Forvarnarfræðslu frá skólahjúkrunarfræðingi um kynferðislegt ofbeldi
- kynningu um tilfinningar og viðbrögð við þeim.



## ii Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Trúar og lífsviðhorf fólks
- Orð, athafnir, afleiðingar og tilfinningar
- Fjölmennung
- Íslenski fáninn – litir og merking
- Skjaldarmerki Íslands og landvættirnir.
- Landnám Íslands.
- Alþingi og lýðveldi Íslands.
- Að kynna heimabyggð sinni
- Saga fjölskyldu og heima-byggðar, birtingamynd í munum og minningum.
- Að skilja afleiðingar gjörða sinna
- Að auka víðsýni sína og skilja margbreytileika samfélagsins
- Að geta sett sig í spor annarra
- Að auka víðsýni sína og skilja margbreytileika samfélagsins

## iii Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Spor 2
- Tröllastrákurinn læknar hrekkjusvín
- Komdu og skoðaðu land og þjóð
- Hafnarfjörður bærinn minn
- Þegar litirnir fengu nóg
- Ástarsaga úr fjöllum
- Blómin á þakinu

## iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Stuðst er við símat þar sem viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum með fjölbreyttum leiðum



## 6. Skólaíþróttir

### 6.1. Íþróttir

Tímafjöldi: 2 x 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.

#### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Heilsa og efling þekkingar
  - Iðkað íþróttir, leiki og útihlaup á skólalóð og í sínu nærumhverfi (L).
  - Haft jákvæða upplifun af íþróttaiðkun (V).
- Líkamsvitund, leikni og afkastageta
  - Getur sýnt fram á færni og líkamsstyrk (L).
  - Getur sýnt fram á hraða og viðbragð (L).
  - Getur sýnt fram á líkamspól (L).
  - Getur sýnt fram á samhæfingu (L).
  - Getur sýnt fram á vald á grunnhreyfingum (L).
- Félaglegir þættir
  - Farið eftir fyrirmælum (þ/V).
  - Skilið og farið eftir grunnreglum leikja og íþróttagreina (þ/V).
  - Sýnir mismunandi getu samnemenda sinna virðingu (V).
  - Sýnt samvinnu og jákvæð samskipti í hóp (V).
- Öryggi og skipulagsreglur
  - Farið eftir reglum sem snúa að umgengni í íþróttahúsum og sundstöðum (þ/V).

#### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Grunnþættir líkams- og hreyfiþroska
  - Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, pól, hraði, jafnvægi, liðleiki
- Kynna nemendum fyrir fjölbreyttum íþróttum í einstaklings og hópíþróttir.
- Með áherslu á hreyfingu og markvissa hreyfiþjálfun, er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar.
- Fræða skal nemendur um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Tekið er mið af þessu í íþróttakennslu.
- Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings.

#### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Áhöld í íþróttasal



- Minni áhöld: Boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badminton flugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, combi sett, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur.
- Stærri áhöld: Kistur, kubbar, hestar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet.
- Áhöld í skóla og á skólalóð
  - Minni áhöld: Boltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar, liðabönd, vesti, bandý kylfur.
  - Stærri áhöld: Klifurbrautir, rólur, mörk, gervigrasvöllur, körfuspjöld, yfir veggur.

#### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennsla í íþróttahúsi
  - Íþróttasalur
- Kennsla utanhúss
  - Skólalóð og nærumhverfi.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Kennsluaðferðir
  - Sýnikennsla, endurtekningaræfingar, námsleikir, stöðvaþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, spurnaraðferðir, þrautalausnir og þrautabrautir, hlutverkaleikir, hermileikir, hópvinubrögð, frásögn og sagnalist, hugarflug, leikræn tjáning.

#### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Heilsa og velferð;
  - Markmiðasetning og framfarir
- Hreyfing og afkastageta;
  - Færni- og afkastagetupróf
- Félagslegir þættir og samvinna;
  - Virkni í kennslustundum
- Öryggi og skipulag;
  - Að fara eftir reglum, m.a. öryggisreglum í íþróttahúsi
  - Að fylgja fyrirmælum kennara og starfsmanna

## 6.2. Sund

Tímafjöldi: 1 x 40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár.



## i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Heilsa og efling þekkingar
  - Haft jákvæða upplifun af sundi (V).
- Líkamsvitund, leikni og afkastageta
  - Getur framkvæmt marglyttuflot (L).
  - Getur hoppað eða stungið sér í sundlaugina (L).
  - Getur kafað í sundlauginni (L).
  - Getur spyrnt frá bakka og rennsli með andlitið í kafi (L).
  - Hefur sýnt fram á færni í baksundi með eða án hjálpartækja (L).
  - Hefur sýnt fram á færni í bringusundi með eða án hjálpartækja (L).
  - Hefur sýnt fram á færni í skólabaksundi með eða án hjálpartækja (L).
  - Hefur sýnt fram á færni í skriðsundi með eða án hjálpartækja (L).
- Félagslegir þættir
  - Sýnt samvinnu og jákvæð samskipti í hóp (V).
  - Sýnir mismunandi getu samnemenda sinna virðingu (V).
  - Farið eftir fyrirmælum (Þ/V).
- Öryggi og skipulagsreglur
  - Farið eftir reglum sem snúa að umgengni í íþróttahúsum og sundstöðum (Þ/V).

## ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Grunnþættir líkams- og hreyfiproska
  - Að nemandi þjálfist í æskilegri líkamsstöðu í vatni og líkamsbeitingu, samhæfingu, liðleika, þoli, krafti, viðbragðs og hraða auk almennrar vatnsaðlögunar
- Með áherslu á hreyfingu og markvissa hreyfiþjálfun, er lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar.
- Fræða skal nemendur um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Tekið er mið af þessu í íþróttakennslu.
- Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings.

## iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Áhöld í sundlaug
  - Kútar, stór bretti, lítil bretti, sundfit, flotholt af ýmsum gerðum, kafhringir, boltar.





#### iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennsla fer fram í
  - Ásvallalaug
  - Unnið með sundkennsluleiðbeiningar í ákveðinn tíma til að styðja við nemendur til að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
    - Við upphaf kennsluárs
    - Um mitt kennsluár
    - Við lok kennsluárs
- Heimanám (foreldrar)
  - Nemendur eru hvattir til að stunda sund utan skólatíma og mæta þannig kröfum námsins.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Kennsluaðferðir
  - Sýnikennsla, endurtekning, leikir, þolþjálfun, hópvinna, stöðvaþjálfun, samvinna.

#### v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Viðfangsefni og verkefni eru metin út frá hæfniviðmiðum ásamt frammistöðu í tímum, virkni, viðhorfi og áhuga.



## 7. Stærðfræði

Tímafjöldi: 5 tímar (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

### 7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði

#### i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Leyst viðfangsefni í samvinnu við skólafélaga sína og rætt við þá um verkefni (P/L).
- Sett fram einfaldar spurningar og svarað þeim með því að nota stærðfræði (P).
- Leitað ólíkra leiða við lausn verkefna og borið saman mismunandi leiðir að sömu lausn (P/L).
- Leyst þrautir þar sem beita þarf útreikningum (P/L).
- Getur rökstutt niðurstöður sínar (P/L).
- Tjáð sig skriflega með því að búa til teikningar, skissur, myndir og töflur (L).
- Notað hugtök sem tengjast stærð og magni s.s. fleiri, færri o.s.frv. (P)
- Notað talnalínu við útreikninga (P)
- Notað vasareikni við útreikninga (P).
- Notað kubba, sætisgildikubba og ýmis hjálpargögn við útreikninga (P).
- Rannsakað og leyst verkefni úr raunverulegum hversdagslegum aðstæðum og beitt við það reikningsaðgerðum (P).
- Undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði (P/L).
- Leyst verkefni úr daglegu umhverfi sínu þar sem þarf að leggja saman eða draga frá (P).
- Unnið með peninga og verðgildi þeirra (P).
- Notað þekkingu sína á tölum við hugarreikning (P).
- Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi (L).
- Kynnst ýmsum tæknibúnaði (P).
- Kynnst hugbúnaði/forriti fyrir töluleg gögn (P).

#### ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefni í námsgreininni eru:

- Þrautalausnir
- Umræður um stærðfræðiverkefni
- Kynningar á verkefnum
- Samvinnuverkefni Samlagning og frádráttur

#### iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Sproti 2A og 2B, nemendabók og æfingahefti
- Stærðfræðispæjarar 1 og 2, kennslubækur
- Dúndurstrákurinn
- Ljósín í blokkinni
- Rúna jafnar leikinn
- Vasareiknir
- Í undirdjúpunum, samlagning og frádráttur



- Kubbar, sentikubbar, talnagrindur, vasareiknar, peningar, reglustikur, speglar, pinnabretti og teygjur og önnur tilfallandi gögn

## 7.2. Tölur, reikningur og algebra

### i Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Unnið með tölur frá 0-99 (þ).
- Lesið, skrifað og borið saman tölustafina upp í 100 og viti hvaða tala er næst á undan og eftir
- Skilgreint sléttar tölur og oddatölur (þ).
- Skilgreint raðtölur (þ).
- Unnið með talnarunur (þ).
- Unnið með talnalínu (þ).
- Unnið með sætiskerfi (þ).
- Notað vasareikni við útreikninga (þ).
- Tvöfaldað og helmingað (þ).
- Leyst samlagningardæmi með tölum upp í 100, með mismunandi reikningsaðferðum (þ).
- Leyst frádráttardæmi með tölum upp í 100, með mismunandi reikningsaðferðum (þ).
- Haldið áfram með talnamynstur og lýst þeim þar sem tölurnar fara ýmist stækkandi eða minnkandi (þ).
- Fundið óþekkta tölu í samlagningu (þ).
- Fundið óþekkta tölu í frádrætti (þ).
- Þekkt jafnaðarmerkið sem tákn fyrir jafn stórar stærðir (þ).

### ii Viðfangsefni í náminu

- Tölur og talnagildi
- Sætisgildi
- Samlagning
- Frádráttur
- Raðtölur
- Sléttar tölur og oddatölur
- Jafnaðarmerkið

### iii Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Sproti 2A og 2B, nemendabók og æfingahefti
- Stærðfræðispæjarar 1 og 2, kennslubækur
- Dúndurstrákurinn
- Ljósín í blokkinni
- Rúna jafnar leikinn
- Vasareiknir
- Í undirdjúpunum, samlagning og frádráttur
- Kubbar, sentikubbar, talnagrindur, vasareiknar, peningar, reglustikur, speglar, pinnabretti og teygjur og önnur tilfallandi gögn



### 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi

#### i Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Þekkt helstu formin, bæði tvívíðu og þrívíðu eftir rúmfræðilegum einkennum eða eiginleikum þeirra (þ).
- Sagt til um og borið saman flatarmál með því að telja reiti (þ).
- Unnið með klukku og tímamælingar (þ).
- Unnið með lengdarmælingar (þ).
- Safnað gögnum og flokkað þau í viðeigandi flokka (þ).
- Flokkað og greint eiginleika hluta (þ).
- Sýnt niðurstöður gagna í súluritum (þ).
- Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, t.d. Hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð (þ).
- Gert einfaldar kannanir og safnað mismunandi upplýsingum/gögnum, flokkað þau, talið fjöldann og sýnt niðurstöðurnar í töflum og súluritum (þ).

#### ii Viðfangsefni í náminu

- Form
- Flatarmál
- Mælingar
- Flokkun
- Myndrit
- Líkur
- Klukka og tími

#### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlagnir
- Einstaklingsvinna
- Paravinna
- Hópvinna
- Prautalausnir
- Stöðvavinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Hver og einn vinnur á sínum forsendum

#### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

Kaflapróf eru lögð fyrir við lok hvers námsþáttar.. Að öðru leiti er stuðst við símat þar sem hæfniviðmið eru metin út frá verkefnum nemenda og vinnu í kennslustundum.



## 8. Upplýsinga- og tæknimennt

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla skal unnið með upplýsinga- og tæknimennt sem þverfaglegt námssvið og samþætta við sem flestar námsgreinar og námssvið. Því eru öll hæfniviðmið í upplýsingatækni skráð undir aðrar námsgreinar þar sem þau eru metin.

